

**Ed.**

**73. Frumvarp til laga**

**[43. mál]**

um breyting á póstlögum, nr. 31 1940.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

9. málsgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Eyðublöð, sem keypt eru, verða eign póststjórnarinnar, um leið og þeim er skilað til flutnings, og eiga sendandi og viðtakandi aðeins rétt á að fá afklippingana við þessi eyðublöð og álfmd frimerki.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1959.

**Greinargerð.**

Á síðasta þingi var flutt frumvarp sama efnis, en hlaut þá ekki endanlega afgreiðslu.

Í 17. gr. póstlaga hljóðar næstsíðasta (9.) málsgreinin svo: „Eyðublöð, sem keypt eru, verða ásamt frímerkjunum fyrir burðargjaldi sendingarinnar eign póststjórnarinnar, um leið og þeim er skilað til flutnings, og eiga sendandi og viðtakandi aðeins rétt á að fá afklippingana við þessi eyðublöð.“

Það ákvæði þessarar greinar, að póststjórnin fái endurgjaldslaust verðmæt frimerki, sem hún þegar hefur selt fullu verði, hefur löngum sætt gagnrýni og það að vonum. Ólögfróðum manni virðist sem þetta ákvæði höggvi mjög nærri sjálfri stjórnarskránni, en í 67. gr. hennar segir svo um eignarréttinn:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“

Þetta hæpna ákvæði póstlaganna nær til notaðra íslenskra frímerkja á fylgi-bréfum bögglaþósts, póströfum, póstávísunum o. fl., en þau frimerki hafa yfirleitt mest verðgildi til söfnunar. Þessi verðmætu notuðu merki hrifsar póststjórnin til sín og selur síðan aftur háu verði. Hefur hún þá tviselt sama hlutinn án þess að borga hann nema einu sinni. Mun þessi háttur, leyfður með lögum, væntanlega vera einsdæmi á viðskiptasviðinu.

Látið hefur verið í það skína, að þetta lagaákvæði væri í samræmi við alþjóða-póstsamninga og því mætti ekki afnema það. Staðhæfing í þá átt er þó röng, enda snertir ákvæðið ekki póstviðskipti við önnur lönd. Hér er um að ræða íslensk eyðublöð og frimerki, send mönnum hér á landi. Hitt er annað mál, að þessi viðskipta-háttur mun tíðkaður víðar en hér, en það mælir ósómanum ekki bót.

Hagnaður póststjórnarinnar af þessari iðju nemur 70—80 þús. kr. árlega. Er það fé látið renna í Póstmannasjóð sem einn tekjuliður hans. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verðuga póstmenn til hressingar- og kynnisferða, og fá að jafnaði á ári 12—14 menn, aðallega reykvískir, styrk úr honum. Að óreyndu mætti ætla, að póstmönnum sjálfum væri ekki mikill akkur í þessum frímerkjahagnaði, þannig fengnum, og að þeim yrði innan handar að koma auga á aðra og smekklegrí fjáröflunarleið.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að úr lögum verði numið fyrirmælið um, að póststjórnin eignist notuð frimerki, án þess að fullt verð komi fyrir, og að viðtakendum póstsendinga verði fenginn sá eignarréttur, sem telja verður að þeim beri.